

**17.** 10000 kr., má verja  $\frac{9}{10}$  hluta vaxtanna til sjúkrastofnana og hjúkrunarstarfsemi 7. mars í Önundarfirði.

5. gr.

Í stjórn sjóðsins skulu sitja þrír menn: hjeraðslæknirinn á Flateyri og tvær konur, sem kosnar skulu af hreppsnefnd eða hreppsnefndum í Önundarfirði til 5 ára í senn. Fyrsta kosningin skal fram fara þegar fengin er konungsstaðfesting á skipulagsskrá þessari. Stjórnin skal senda hreppsnefnd árlega reikningskil til endurskoðunar og staðfestingar.

6. gr.

Stjórn sjóðsins úthlutar styrk úr sjóðnum samkvæmt 3. og 4. grein eftir styrkbeiðnum.

7. gr.

Leita skal konungsstaðfestingar á skipulagsskrá þessari.

**18**  
14. mars

## Reglugjörð

### um mat á lóðum og löndum í Reykjavík.

Samkvæmt 7. gr. laga nr. 59, 3. nóv. 1915, um mat á lóðum og löndum í Reykjavík, er eftirfarandi reglugerð sett um matið.

I. kafli.

1. gr.

Er bæjarstjórn Reykjavíkur selur öðrum, lætur á leigu eða erfðafestu, eða lætur til einhverra sérstakra afnota lóðir eða lönd í lögsagnarumdæmi Reykja-

víkur og ákveður að um söluverðið, leiguna eða afnotagjaldið skuli fara eftir mati, **18**  
skal matsnefnd sú, er um ræðir í lögunum, framkvæma það mat. 14. mars

## 2. gr.

Er framkvæma skal mat á lóðum og löndum einstakra manna eða stofnana, sem taka þarf að nokkru eða öllu undir götur, vegi og torg eða til annara þarfa bæjarfélagsins lögum samkvæmt, skal matið gert af matsnefndinni. Nefndin skal og framkvæma önnur mót en þau, sem talin eru í 1. gr. og þessari grein, sem bæjarstjórnin vill fela henni.

## II. kafli.

### 3. gr.

Nú skal mat fram fara eftir ákvörðun bæjarstjórnar eða ósk annara og skal þess þá beiðast skriflega og sé bréfið afhent formanni nefndarinnar. Formaður kveður þá nefndina til fundar svo fljótt, sem því verður við komið. Áður en mati er lokið skal nefndin jafnan kynna sér staðhætti með því að ganga á staðinn. Formaður ákveður dag og stundu er á staðinn skuli gengið og kveður aðilja til með sólarhrings fyrirvara.

Það er lögleg tilkvaðning ef birt er af einum stefnuvotti, og riti hann á bréfið, að birt sé, svo og fyrir hverjum og á hvern hátt. Fyrir slíka birtingu greiðast 25 aurar fyrir hvern þann, sem birt er. Borgarstjóri kemur fram fyrir hönd bæjarstjórnar við mót, nema bæjarstjórnin hafi sérstaklega kosið annan til þess. Birting fyrir borgarstjóra eða þeim, sem sérstaklega er falið að mæta við matið fyrir bæjarstjórnina, er fullgild og bindandi fyrir bæjarstjórnina.

### 4. gr.

Á fundinum þegar gengið er á staðinn, skal aðiljum ger kostur á að gefa upplýsingar og leggja fram gögn til leiðbeiningar matsnefndinni.

Ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi, getur matsnefndin veitt aðiljum stuttan frest til að afla slíkra upplýsinga eða gagna.

### 5. gr.

Fundur sá, er ræðir um í 5. gr., þegar gengið er á staðinn, skal haldinn í síðasta lagi innan 7 daga frá því beiðnin um matið barst í hendur formanni nefndarinnar. Í síðasta lagi innan 7 daga þar á eftir skal matinu vera lokið,

**18** nema nefndin hafi þurft að veita frest, sbr. 5. gr.; þá lengist þessi 7 daga frestur  
 14. mars um jafnlangan tíma, sem nefndin hefir veitt aðilja eða aðiljum frest.

### 6. gr.

Matsnefndin skal halda gerðabók. Í henni skal getið funda þeirra, er nefndin heldur, og skráðar í hana allar ályktanir, sem nefndin gerir, þar á meðal sérstaklega allar matsgerðir. Gerðarbókina undirskrifa allir nefndarmenn. Að lokinni matsgerð annast formaður nefndarinnar um, að gerðarbeiðanda sé þegar afhent eftirrit af matsgerðinni, eins og hún er skráð í gerðarbókinni, staðfest af formanni nefndarinnar, og að öðrum aðiljum sé samtímis tilkylt, að matinu sé lokið.

Ef aðiljar hafa fengið nefndinni í hendur skjöl til leiðbeiningar við matið, eiga þeir rétt á að fá þau afhent aftur að loknu matinu, þó eigi fyr en svo, að matsnefndinni hafi gefist kostur á að taka eftirrit af þeim, ef hún óskar.

Fyrir eftirrit úr gerðarbók matsnefndar greiðist sama gjald, sem greiða ber fyrir eftirrit úr dómsmálabókum lögum samkvæmt.

## III. kaffi.

### 7. gr.

Jafnan skal meta lóð eða land svo, að tiltekið sé verð á flatarmálseiningu, eða, ef metið er til afnota, leigu eða afnotagjald fyrir slíka flatarmálseiningu. Ef hlutar lóðarinnar eða landsins, sem metið er, hafa mismunandi verðmæti, þá skal tiltaka einingarverðið í hverjum hluta fyrir sig, og skal þá lega hlutanna og takmörkin milli þeirra, og ef unt er einnig stærð hvers þeirra, nákvæmlega tiltekin.

### 8. gr.

Hvert land og hverja lóð, sem metin er, skal meta eins og þau mundu sanngjarnlega seld, leigð eða látin til sérstakra afnota. Við matið skal sérstaklega tekið tillit til legu hins metna, hve mikill hluti þess liggur við götu eða alfaraveg, sem gerður er eða fé hefir verið veitt til að gera á ári því þá er matið fer fram, eða ef ekki liggur við götu, nálægðar við götu eða alfaraveg; hvort hið metna er sérstaklega hæft til sérstakra afnota; hverju verði lóðir eða lönd, sem liggja að lóð þeirri eða landi, sem meta á, eða í nágrenninu hafa síðast verið seld eða metin, eða hver leiga eða afnotagjald er goldin, eða hefir síðast verið goldin fyrir nágrannalóðirnar eða löndin, ef leigumálinn er eigi eldri en 5 ára. Ennfremur

sérstaklega hvort lóðin er hæfari til bygginga en annara afnota, svo og á hve **18** miklum hluta hennar megi byggja samkvæmt gildandi lögum og reglum, hvort **14. mars** framkvæmdir bæjarfélagsins eða hins opinbera, sem nýlega kunna að hafa verið gerðar á hinu metna eða í námunda við það, hafa aukið eða rýrt verðmæti þess.

9. gr.

Við mót þau, sem framkvæmd verða samkvæmt 2. gr., skal sérstakt til-  
lit tekið til þess, ef lóð eða land skerðist svo við eignarnámið, að það, sem eftir  
verður, rýrni í verði hlutfallslega frá því sem var, eða verðmætið eykst vegna  
framkvæmda þeirra, sem bærinn lætur gera. Sé gata sú, vegur eða torg, sem  
þar er um að ræða, eigi gerð innan 1 árs frá því matið fór fram, skal nýtt  
mat fram fara.

10. gr.

Matsnefndin skal sjálf útvega sér upplýsingar um atriði þau, er áhrif  
hafa á matið, og nefnd eru í 9. og 10. gr., nema henni í einstökum tilfellum þyki  
upplýsingar þær, er aðilar láta henni í té, fullnægjandi.

11. gr.

Ef nefndarmenn greinir á um mat, ræður afl atkvæða.

Samþykkt þessi öðlast gildi þegar í stað.

**Í stjórnarráði Íslands, 14. mars 1916.**

**Einar Arnórsson.**

---

Jón Hermannsson.